

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 3. september 2020
Mnr. 2019080002



ÍSAFJARÐARBÆR

Safngeymslur og safnamál

Lagt er fyrir bæjarráð minnisblað Jónu Símoníu Bjarnadóttur, dags. 14. ágúst sl., varðandi safngeymslur og safnamál í Ísafjarðarbær.

Um þrjú mál er að ræða:

1) Alvarlegur skortur á geymsluhúsnæði fyrir skjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn

Skjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn geyma muni á tveimur stöðum vegna skorts á geymsluhúsnæði. Í kjallara og í risi Safnahúss og í geymsluhúsnæði í Hafnarhúsi á Asgeirsbakka. Geymslurnar eru orðnar yfirfullar er staðan þannig að Héraðsskjalasafnið hefur þurft að neita/fresta að taka við gögnum frá skilaskyldum aðilum vegna vöntunar á geymslum.

Fyrir liggur að kjallari Safnahússins tekur ekki við frekari safngripum vegna plássleysis, en fram hefur komið í minnisblaði undirritaðrar, dags. 10. júní 2020 (tekið fyrir á 1110. fundi bæjarráðs þann 15. júní sl. – málsnr. 2020060037) að safnkostur liggi fyrir skemmdum vegna raka/myglu í húsinu, vegna vatnsleka og/eða ónýts drens. Í minnisblaði þessu var óskað eftir því að úrbætur á húsnæði verði unnar að einhverju leyti á þessu ári, og frekari aðgerðir verði settar inn í fjárhagsáætlun næst árs.

Safngeymsla í Hafnarhúsi var útbúin sem tímabundin lausn, fyrir nokkrum árum. Gögn eru nú geymd á vörubrettum og í kössum, en ekki í hillum, þar sem um tímabundna lausn var að ræða. Umrætt rými er hluti af leiguhúsnæði á vegum hafnarinnar, en óvíst er hve lengi umrætt rými verður til leigu.

Samkvæmt lögum nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn, setur ráðherra reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna, þar sem kveðið er m.a. á um rekstrarleyfisskyldu. Skilyrði rekstrarleyfis eru m.a. að geymsluhúsnæði sé þannig að langtímavarðveisla skjala sé tryggð, öryggiskerfi sé til staðar, svo og ljós-, hita- og rakastilling, auk annarra atriða. Samkvæmt lögnum skal starfandi héraðsskjalasöfnum veittur frestur í 3 ár frá útgáfu reglugerðar, til að uppfylla skilyrðin. Umsagnarfrestur vegna reglugerðarinnar rann út í mars 2020 og má gera ráð fyrir að reglugerðin verði gefin út á næstu vikum eða mánuðum. Fyrir liggur því að innan örfárra ára þurfi sveitarfélagið að hafa komið sér upp viðeigandi húsnæði, sem uppfyllir skilyrði um rekstrarleyfi.

Unnið er að staðarvalsgreiningu fyrir nýtt hús á Ísafirði, Slökkvistöð. Slökkviliðsstjóri hefur lagt fram yfirlit yfir þarfir slökkviliðs, en nauðsynlegt er sérfræðingar útbúi þarfagreiningu út frá lagalegum kröfum og hönnunarstöðlum. Sú vinna hefur ekki farið fram. Að mati sviðsstjóra stjórnslu- og fjármálasviðs og umhverfis- og eignasviðs eru ákveðin samlegðar-áhrif fólgin í því að við hönnun og þarfagreiningu nýrrar byggingar á Ísafirði, verði hugað að þörfum beggja stofnana, og starfsemin sett undir eitt þak.

Lagt er til við bæjarráð að heimilað verði að við hönnun og þarfagreiningu nýrrar Slökkvistöðvar á Ísafirði, verði geymslurými fyrir söfn sveitarfélagsins teiknuð með, með það í huga að nýtt hús verði reist sem hýsi bæði Slökkvilið og safngeymslur.

2) Bátageymsla fyrir Byggðasafn Vestfjarða

Í fyrrnefndu minnisblaði forstöðumanns Byggðasafns Vestfjarða kemur fram að þörfin er jafnframt mikil varðandi geymslu báta Byggðasafnsins, en nauðsynlegt er að þeir komist undir þak.

Á 1113. fundi bæjarráðs, dags. 6. júlí 2020, var lagt til að Ísafjarðarbær myndi kaupa húsnæði Sæfara á Suðurtanga 2, en bæjarstjóra var falið að gera kaupsamning.

Lagt er til við bæjarráð að bæjarstjóra verði falið að ræða við stjórn Byggðasafns Vestfjarða og/eða forstöðumann, um hvort vilji sé til að nota umrætt húsnæði, sem fyrirhugað er að kaupa, sem geymslu og/eða safn fyrir báta, enda er húsnæðið á svæði við Neðstakaupstað, og mikil samlegðaráhrif við safnasvæðið.

3) Húsmæðraskólinn Ósk – safnmunir

Í minnisblaði forstöðumanns kemur jafnframt fram að í Bakkaskjólí í Hnífsdal eru ýmsir munir úr Húsmæðraskólanum Ósk geymdir.

Forsaga þess er að árið 1990 var Húsmæðraskólinn Ósk sameinaður Menntaskólanum á Ísafirði. Sérstaklega tilgreindir munir úr skólanum sem hafa sögulegt gildi og tengdir starfi kvenfélagsins voru settir til varðveislu hjá Kvenfélaginu Ósk. Ísafjarðarbær skuldbatt sig til að veita kvenfélaginu húsnæði til fundahalda og geymslu munanna með þessu samkomulagi og síðara samkomulagi frá árinu 1994.

Munir þessir voru skráðir undir forræði Jónu Símoníu, nú forstöðumanni Byggðasafnsins, áður forstöðumanns Safnahúss, árið 2012, og eru nú í geymslu í Bakkaskjólí í Hnífsdal, eftir að hafa verið á nokkrum stöðum í gegnum árin. Kvenfélagið Ósk var lagt niður 9. desember 2019, og í fundargerð um slit félagsins segir um munina: „Umræður fóru fram um húsmuni sem hafa verið í umsjón félagsins og prýddu Húsmæðraskólann Ósk áður fyrr. Munir þessi eru í geymslu hjá Ísafjarðarbæ. Undirbúningur að slitum félagsins hvað munina varðar hefur einnig verið í samstarfi við Byggðasafn Vestfjarða og liggur fyrir listi um munina unninn af Ólöfu Oddsdóttur og vonandi verður skólanum sómi sýndur með sýningu á þeim.”

Varðveisla/geymsla munanna er því enn í höndum Ísafjarðarbæjar, en vilji er til þess hjá forstöðumanni Byggðasafns Vestfjarða að gera þeim hátt undir höfði, svo og sögu Húsmæðraskólans Óskar, ásamt annarri sögu kvenna og kvennastarfa.

Lagt er til að hugmyndum varðandi nýtingu þessara muna verði vísað til atvinnu- og menningarmálanefndar til umræðu.